

BORGARRÁÐ 16. október 2025: Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar um hundasvæðið á Geirsnefi - MSS25100096

Lagt er til að umhverfis- og skipulagssviði verði falið að ráðast í framkvæmdir á hundasvæði á Geirsnefi til þess að tryggja að hundar sleppi ekki út fyrir svæðið.

Greinargerð:

Á undanförnum árum hafa orðið sorgleg slys þar sem hundar sleppa út af hundasvæðinu á Geirsnefi og verða fyrir akandi umferð. Hundaeigendur og dýraverndunarsamtök hafa ítrekað kvartað yfir því að svæðið sé ekki nægilega öruggt og óska úrbóta. Á undanförnum árum hafa 11 hundar dáið eftir að hafa sloppið út af svæðinu. Óábyrgt sé að heimila lausagöngu hunda á svæðinu að óbreyttu. Framsókn styður uppbyggingu hundasvæða í borginni og lítur svo á að fagleg og örugg umgjörð skipti öllu máli. Hundaeigendur greiða gjald fyrir að eiga hund og rétt er að hluti þess renni til uppbyggingar innviða fyrir hundana og eigendur þeirra.